

## Skilmálar fyrir rafveitu

### Dreifikerfi rafmagns - Skýringar á verðskrá

Sama verðskráin gildir á öllu dreifiveitusvæði Norðurorku og er hún auglýst og aðgengileg öllum viðskiptavinum.

Verðskráin er fyrir dreifingu og flutning á raforku frá raforkuframleiðslu til viðskiptavina.

### Verðskráin skiptist í eftirfarandi taxta:

#### A1 Taxti fyrir minni og meðalstórar neysluveitur

Varstærð 50-100 A / Bein mæling

#### A4 Taxti fyrir stórar neysluveitur

Varstærð yfir 100 A / Straumspennumæling

#### A7 Taxti fyrir takmarkaða smánotkun

Ómæld smánotkun á til dæmis við um umferðaljós og fjarskiptaskápa.

Gjaldið skiptist í 2 hluta, annars vegar fast gjald sem er óháð notkun og hins vegar aflgjald en það miðast við uppgengið afl sem reiknað er með að viðkomandi búnaður noti að staðaldri. Öryggi fyrir heimtaugina skal vera 2A og áætluð notkun skal vera 100W, 200W, 300W eða 400W.

A7 er ekki í boði fyrir meira afl nema sérstakar ástæður séu til staðar.

#### B11 Taxti fyrir viðskiptavini með góðan nýtingartíma.

Taxtinn er skiptist í orkugjald, fast gjald og aflgjald. Ekki hagkvæmur fyrir minni viðskiptavini.

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 60 mínútna meðalgildi afls. Hagkvæmt er fyrir stærri notendur að vera á þessum taxta þegar nýtingartími er góður. Aflgjald er miðað við hæsta afltopp á tímabilinu október til apríl, verði hærri afltoppur á tímabilinu maí til september er hann ekki reiknaður. Afltoppur ársins skal að lágmarki vera 25 kW. Viðskiptavini með lægri afltopp er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt þessum taxta enda greiði hann að lágmarki fyrir 25 kW. Í upphafi árs er áætlaður afltoppur grundvöllur gjaldtöku, en í árslok er gert upp samkvæmt hæsta afltoppi ársins.

#### B22 Taxti fyrir 11 kV.

Sömu skilmálar og í taxta B11

#### T1 og T2 Tímaháður taxti.

Ætlaður fyrir viðskiptavini sem fá afhenta meiri raforku utan álagstíma en á álagstímum.

Taxtinn skiptist í orkugjald og fast gjald. Tvö orkuverð eru á þessum taxta, hærri verð er frá kl. 8 að morgni og til kl. 20 að kvöldi. Lægra verð er frá kl. 20 að kvöldi til kl. 8 að morgni.

#### C1 Taxti fyrir hitun húsnæðis með 11% VSK.

#### D1, D2, D3 Sala á ótryggðu rafmagni / flutningi samkvæmt samningi.

Þessi taxtar eru á útleið og aðeins þeir aðilar sem voru á honum samkvæmt eldri samningum nýta hann.